# N1 hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2017

N1 hf.
Dalvegi 10-14
201 Kópavogur

Kt. 540206-2010

# Efnisyfirlit

Bls.


Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .................... 3-4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu .................... 5

Efnahagsreikningur .................... 6

Eiginfjáryfirlit .................... 7

Sjóðstreymisyfirlit .................... 8

Skýringar .................... 9-12

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu  N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samstæðuárshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Rekstrartekjur félagsins fyrstu níu mánuði ársins námu 26.761 m.kr. sem er 2,2% hækkun frá sama tímabili árið áður. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður af rekstri á tímabilinu 1.629 m.kr. en þegar tekið er tillit til þýðingarmunar vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags er heildarhagnaður félagsins 1.639 m.kr. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 13.461 m.kr. að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 250 m.kr.

Stjórn N1 hf. ákvað í desember 2016 að breyta skipulagi félagsins frá og með 1. janúar 2017 til að endurspegla betur afkomu af rekstri og fasteignum félagsins. Í því skyni birtir félagið starfsþáttayfirlit. Samhliða þessu ákvað stjórn félagsins að flytja fjárfestingar í dótturfélag og undirbúa næstu skref í framþróun þess. Svið félagsins verða þrjú þ.e. Rekstur, Fasteignir og Fjárfestingar. Rekstur og Fasteignir félagsins verða áfram í eigu N1 hf. eins og hingað til og verða ekki sett í dótturfélög.

Þann 7. september keypti N1 fasteignina að Klettagörðum 13 af FAST-2 ehf. Í lok árs 2012 seldi N1 FAST-2 ehf. eignina en samhliða sölunni leigði félagið hana til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Fasteignin er 8.926 fermetrar og er að mestu notuð undir vöruhúsastarfsemi félagsins en þar er einnig fyrirtækjaverslun. Kaupverð eignarinnar er 1.653 m.kr. sem samsvarar um 7,3% arðsemi fjárfestingarinnar. EBITDA félagsins hækkar við kaupin um 90 m.kr. og handbært fé frá rekstri hækkar um 120 m.kr. á ársgrundvelli, að öðru óbreyttu.

3. október 2017 var skrifað undir kaupsamning vegna kaupa N1 hf. á öllu hlutafé í Festi hf. Kaupsamningurinn byggir á viljayfirlýsingu sem N1 hf. og SF V slhf. skrifuðu undir þann 9. júní síðastliðinn um helstu skilmála viðskiptanna og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar á Festi hf.

Festi sérhæfir sig í rekstri verslunarfyrirtækja og rekur 27 verslanir undir merkjum Krónunnar, ELKO, Nóatún, Kjarval og Kr, en félagið á einnig og rekur Bakkann vöruhótel. Festi á 18 fasteignir sem eru annað hvort í leigu til verslana félagsins eða til þriðja aðila og er heildarstærð fasteignanna um 71.500 fermetrar. Heildarvelta Festi var rúmir 39 milljarðar króna á rekstrarárinu sem lauk 28. febrúar 2017.

Í kaupsamningnum er heildarvirði Festi 37,9 milljarðar króna en endanlegt kaupverð hlutafjár mun ráðast af skuldastöðu félagsins við lok yfirstandandi fjárhagsárs 28. febrúar 2018. Gera áætlanir yfirstandandi rekstrarárs ráð fyrir að hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta ("EBITDA") verði um 3.340 m.kr og eru 2.125 m.kr vegna rekstrarfélaga Festi en 1.215 m.kr vegna fasteignastarfsemi þess. Heildarvirði félagsins getur tekið breytingum vegna afkomu rekstrarfélaga Festi. Reynist EBITDA rekstrarfélaganna fyrir rekstrarárið sem lýkur 28. febrúar 2018 hærri en 2.125 m.kr skal kaupverð hækka en þó aldrei meira en um 1 milljarð króna, þ.e.a.s. verði EBITDA 2.250 m.kr eða hærri. Reynist hins vegar EBITDA rekstrarfélaganna vera lægri en 2.050 m.kr skal kaupverðið lækka en þó aldrei meira en um 1 milljarð króna, þ.e.a.s.  verði EBITDA 1.925 m.kr eða lægri. Eins og áður hefur verið tilkynnt er spá stjórnenda N1 að EBITDA félagsins verði á bilinu 3.500 til 3.600 m.kr á árinu 2017 að undanskildum kostnaði við kaup á Festi og er því áætluð EBITDA sameinaðs félags á yfirstandandi rekstrarári án kostnaðar N1 við kaup á Festi á bilinu 6.840 til 6.940 m.kr en ekki hefur verið tekið tillit til samlegðar í framangreindum tölum. Áætluð samlegðaráhrif af sameiningu N1 og Festi eru á bilinu 500 til 600 m.kr.

Kaupverð hlutafjár verður greitt annars vegar með 76.086.957 hlutum í N1 á genginu 115, eða sem nemur 8.750 m.kr og hins vegar með nýrri lántöku. Sölubann er á helming þeirra hluta til 31. desember 2018 en seljanda er þó heimilt að framselja bréfin með þeim skuldbindingum til endanlegs eigenda. Komi til viðbótargreiðslu vegna betri afkomu Festi hf. mun sú greiðsla vera í formi hluta í N1 á genginu 115 en þeir hlutir munu jafnframt falla undir framangreint sölubann.

Viðskiptin eru meðal annars háð skilyrðum um að hluthafafundir beggja félaga samþykki kaupin og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Gangi viðskiptin eftir er gert ráð fyrir að þeim ljúki á 2. ársfjórðungi 2018.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, frh.:

## Hluthafar

Hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru 1.495 talsins, en þeir voru 1.699 í upphafi ársins. Tíu stærstu hluthafar félagsins í lok tímabilsins voru:

| | |
|---|---|
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 13,3% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríksins A-deild og B-deild | 11,1% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 9,2% |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 7,2% |
| Birta lífeyrissjóður | 6,8% |
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 5,0% |
| The Wellington Trust Company | 4,6% |
| Stapi lífeyrissjóður | 4,6% |
| Kvika banki hf. | 3,6% |
| Helgafell ehf. | 2,8% |

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu N1 hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningur samstæðunnar gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2017 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2017.

Jafnframt er það álit okkar að árshlutareikningur samstæðunnar og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem hún býr við.

Stjórn og forstjóri N1 hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2017 og staðfest hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 25. október 2017

**Stjórn N1 hf.**

Margrét Guðmundsdóttir

Helgi Magnússon

Kristín Guðmundsdóttir

Jón Sigurðsson

Þórarinn V. Þórarinsson

**Forstjóri**

Eggert Þór Kristófersson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2017

| | Skýr. | 2017 1.7.-30.9. | 2016 1.7.-30.9. | 2017 1.1.-30.9. | 2016 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala ........ | 8 | 10.591.794 | 10.622.848 | 26.467.147 | 25.913.944 |
| Kostnaðarverð seldra vara ........ | | ( 7.094.335) | ( 7.219.941) | ( 17.868.701) | ( 17.393.442) |
| **Framlegð af vörusölu ........** | 9 | 3.497.459 | 3.402.907 | 8.598.446 | 8.520.502 |
| Aðrar rekstrartekjur ........ | | 92.546 | 91.344 | 294.035 | 279.238 |
| Laun og annar starfsmannakostnaður ........ | | ( 1.109.297) | ( 1.032.601) | ( 3.352.918) | ( 3.090.346) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður ........ | | ( 620.178) | ( 593.785) | ( 1.610.079) | ( 1.576.566) |
| Annar rekstrarkostnaður ........ | | ( 451.225) | ( 395.433) | ( 1.230.920) | ( 1.182.885) |
| | | ( 2.180.700) | ( 2.021.819) | ( 6.193.917) | ( 5.849.797) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði........** | | 1.409.305 | 1.472.431 | 2.698.564 | 2.949.942 |
| Afskriftir ........ | | ( 248.133) | ( 181.254) | ( 733.426) | ( 531.693) |
| **Rekstrarhagnaður ........** | | 1.161.172 | 1.291.178 | 1.965.139 | 2.418.250 |
| Fjármunatekjur ........ | | 16.517 | 34.801 | 54.988 | 104.118 |
| Fjármagnsgjöld ........ | | ( 97.849) | ( 113.665) | ( 296.510) | ( 351.038) |
| Gengismunur ........ | | 20.129 | ( 25.076) | 13.133 | ( 17.480) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga ........ | | 82.778 | 111.900 | 237.483 | 195.375 |
| Gangvirðisbreyting hlutabréfa ........ | | 689 | ( 1.478) | 4.263 | ( 14.147) |
| | | 22.266 | 6.482 | 13.358 | ( 83.172) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt ........** | | 1.183.438 | 1.297.660 | 1.978.496 | 2.335.078 |
| Tekjuskattur........ | 10 | ( 220.741) | ( 225.767) | ( 349.651) | ( 431.757) |
| **Hagnaður tímabilsins ........** | | 962.697 | 1.071.893 | 1.628.845 | 1.903.321 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé, en kunna síðar að verða færðir í rekstrarreikning:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends hlutdeildarfélags ........ | | 27.447 | ( 31.164) | 10.517 | ( 46.190) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins ........** | | 990.143 | 1.040.729 | 1.639.362 | 1.857.131 |
| Hagnaður og þynntur hagnaður á hlut í krónum ........ | | 3,85 | 3,06 | 6,52 | 5,44 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Efnahagsreikningur 30. september 2017

| | Skýr. | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Óefnislegar eignir | | 221.816 | 258.165 |
| Rekstrarfjármunir | | 17.069.817 | 15.773.467 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 1.803.910 | 1.747.910 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 15.804 | 16.540 |
| Skuldabréfaeign | | 31.578 | 58.151 |
| Fastafjármunir | | 19.142.925 | 17.854.234 |
| Birgðir | | 3.145.858 | 3.026.753 |
| Viðskiptakröfur | | 3.261.162 | 2.303.272 |
| Kröfur á tengda aðila | | 110.111 | 14.843 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 279.787 | 156.725 |
| Handbært fé | | 3.083.269 | 2.266.435 |
| Veltufjármunir | | 9.880.188 | 7.768.027 |
| **Eignir samtals** | | 29.023.112 | 25.622.261 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 250.000 | 250.000 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.153.856 | 3.153.856 |
| Annað bundið eigið fé | | 4.223.692 | 4.315.391 |
| Óráðstafað eigið fé | | 5.833.764 | 4.852.702 |
| Eigið fé | | 13.461.312 | 12.571.949 |
| **Skuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 6.500.000 | 6.500.000 |
| Tekjuskattskuldbinding | 13 | 1.510.668 | 1.499.323 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 14 | 0 | 151.056 |
| Langtímaskuldir | | 8.010.668 | 8.150.379 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 560.544 | 512.383 |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | | 3.460.019 | 2.046.570 |
| Skuldir við lánastofnanir | 12 | 1.500.000 | 508.905 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.240.256 | 895.995 |
| Skuldir við tengda aðila | | 95.285 | 201.623 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 192.239 | 237.425 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 502.788 | 497.032 |
| Skammtímaskuldir | | 7.551.132 | 4.899.933 |
| Skuldir samtals | | 15.561.800 | 13.050.312 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 29.023.112 | 25.622.261 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Eiginfjáryfirlit 30. september 2017

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Annað bundið eigið fé: Lögbundinn varasjóður | Annað bundið eigið fé: Endurmats-reikningur | Annað bundið eigið fé: Óinnleystur hagnaður hlut-deildarfélaga | Annað bundið eigið fé: Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. september 2017** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2017 ..... | 250.000 | 3.153.856 | 62.500 | 4.122.522 | 295.951 | (165.582) | 4.852.702 | 12.571.949 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ..... | | | | | | 10.517 | 1.628.845 | 1.639.362 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga ..... | | | | | 45.483 | | (45.483) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags ..... | | | | (26.359) | | | 26.359 | 0 |
| Upplausn á endurmati rekstrarfjármuna ..... | | | | (121.340) | | | 121.340 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut) ..... | | | | | | | (750.000) | (750.000) |
| Eigið fé 30.9.2017 ..... | 250.000 | 3.153.856 | 62.500 | 3.974.822 | 341.434 | (155.065) | 5.833.764 | 13.461.312 |
| **1. janúar til 30. september 2016** | | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2016 ..... | 350.000 | 4.152.900 | 250.000 | 377.384 | 0 | (85.175) | 2.685.961 | 7.731.070 |
| Heildarhagnaður tímabilsins ..... | | | | | | (46.190) | 1.903.321 | 1.857.131 |
| Bundið vegna hlutdeildarfélaga ..... | | | | | 195.375 | | (195.375) | 0 |
| Upplausn á endurmati hlutdeildarfélags ..... | | | | (36.311) | | | 36.311 | 0 |
| Greiddur arður til hluthafa (3,00 kr. á hlut) ..... | | | | | | | (1.050.000) | (1.050.000) |
| Eigið fé 30.9.2016 ..... | 350.000 | 4.152.900 | 250.000 | 341.073 | 195.375 | (131.365) | 3.380.218 | 8.538.202 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2017

| | Skýr. | 2017<br>1.1.-30.9. | 2016<br>1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði | | 2.698.564 | 2.949.942 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| (Söluhagnaður) sölutap rekstrarfjármuna | | ( 11.286) | 737 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | ( 20.141) | ( 22.658) |
| | | 2.667.138 | 2.928.021 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, breyting | | ( 119.106) | ( 127.094) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | | ( 1.098.986) | ( 938.913) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | 1.078.573 | 1.716.418 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 139.519) | 650.411 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 42.175 | 69.059 |
| Greidd vaxtagjöld af skammtímaskuldum | | ( 19.561) | ( 4.882) |
| Greiddur tekjuskattur | | ( 290.144) | ( 102.501) |
| Handbært fé frá rekstri | | 2.260.090 | 3.540.108 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keyptar óefnislegar eignir | | ( 2.951) | ( 44.131) |
| Keyptir rekstrarfjármunir | | ( 2.182.432) | ( 866.313) |
| Seldir rekstrarfjármunir | | 42.115 | 134.963 |
| Móttekinn arður | | 192.000 | 62.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 1.951.267) | ( 713.480) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Greiddur arður | | ( 750.000) | ( 1.050.000) |
| Skammtímalán | | 1.500.000 | 0 |
| Greidd vaxtagjöld langtímaskulda | | ( 274.646) | ( 385.385) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 475.354 | ( 1.435.385) |
| Breyting á handbæru fé | | 784.177 | 1.391.243 |
| Gengismunur af handbæru fé | | 32.658 | 3.607 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 2.266.435 | 2.472.372 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | 3.083.269 | 3.867.222 |

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

# Skýringar

## 1. Félagið

N1 hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Dalvegi 10-14, Kópavogi. Tilgangur félagsins er verslun með fast, fljótandi og gaskennt eldsneyti og olíuvörur, heildsala og smásala, kaup, sala og eignarhald á verðbréfum, kaup, sala, eignarhald og rekstur fasteigna og lausafjár, ásamt lánastarfsemi tengdri rekstrinum og annar skyldur rekstur.

Í árshlutareikningum á árinu eru í fyrsta sinn birtar upplýsingar um samstæðuna, sem samanstendur af N1 og dótturfélaginu EGO ehf. Dótturfélagið mun starfa á sviði fjárfestinga en eiginleg starfsemi þess var ekki hafin í lok þriðja ársfjórðungs 2017. Samanburðarfjárhæðir eru allar úr árshlutareikningi móðurfélagsins og ársreikningi þess, en móðurfélagið myndaði eitt samstæðuna á árinu 2016.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðuárshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum samstæðuársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2016.

Stjórn N1 hf. samþykkti árshlutareikninginn 25. október 2017.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2016. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.n1.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

## 4. Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 6. Árstíðarbundnar sveiflur

Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. fjórðungi ársins en á 1. og 4. fjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. fjórðungs en í lok 2. og 3. fjórðungs.

## 7. Starfsþáttayfirlit

Félagið birtir í fyrsta sinn á árinu 2017 starfsþáttaryfirlit. Rekstrarstarfsþáttur er eining innan samstæðunnar sem með starfsemi sinni getur aflað tekna og stofnað til útgjalda, þar á meðal tekjur og gjöld vegna viðskipta við aðra starfsþætti samstæðunnar. Starfsþættir eru ákvarðaðir af forstjóra félagsins sem yfirfer reglulega starfsþætti samstæðunnar til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

Rekstrarafkoma starfsþátta, eignir og skuldir þeirra samanstanda af liðum sem tengja má beint við hvern starfsþátt og þá liði sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

Fjárfestingar starfsþátta eru heildarkostnaður við kaup rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

Verð á vöru og þjónustu sem seld er milli starfsþátta er ákveðið eins og um óskylda aðila sé að ræða.

Samanburðarfjárhæðir eru ekki birtar þar sem þær liggja ekki fyrir.

# Skýringar, frh.:

## 7. Starfsþáttayfirlit, frh.:

| Fyrstu níu mánuðir ársins | Fasteignasvið | Rekstrarsvið | Jöfnunar-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Sala og aðrar rekstrartekjur | | 26.467.147 | | 26.467.147 |
| Aðrar tekjur | 1.396.334 | 294.035 | (1.396.334) | 294.035 |
| Heildartekjur starfsþátta | 1.396.334 | 26.761.182 | ( 1.396.334) | 26.761.182 |
| | | | | |
| Heildarrekstrargjöld starfsþátta | (272.955) | (25.185.997) | 1.396.334 | (24.062.618) |
| EBITDA starfsþátta | 1.123.379 | 1.575.185 | ( 0) | 2.698.564 |
| Afskriftir starfsþátta | (412.869) | (320.557) | 0 | (733.426) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 237.483 | 0 | 237.483 |
| Rekstrarafkoma starfsþátta | 710.510 | 1.492.111 | ( 0) | 2.202.621 |
| | | | | |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | (224.125) |
| Tekjuskattur | | | | (349.651) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 1.628.845 |
| | | | | |
| **30.9.2017** | | | | |
| Eignir starfsþátta | 15.114.146 | 10.825.697 | 0 | 25.939.843 |
| Óskiptar eignir | | | | 3.083.269 |
| Eignir samtals | | | | 29.023.112 |
| | | | | |
| Óskiptar skuldir | | | | 15.561.800 |
| | | | | |
| Fjárfestingar | 1.888.893 | 296.490 | 0 | 2.185.383 |
| Afskriftir | 412.869 | 320.557 | 0 | 733.426 |

## 8. Sala

| | 2017 1.1.-30.9. | 2016 1.1.-30.9. |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 18.201.336 | 17.818.755 |
| Aðrar vörur | 8.265.811 | 8.095.189 |
| Sala samtals | 26.467.147 | 25.913.944 |

## 9. Framlegð af vörusölu

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 4.745.697 | 4.826.496 |
| Aðrar vörur | 3.852.749 | 3.694.005 |
| Framlegð af vörusölu samtals | 8.598.446 | 8.520.502 |

## 10. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | 2017 1.1.-30.9. | | 2016 1.1.-30.9. |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.978.496 | | 2.335.078 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,0% | ( 395.699) | 20,0% | ( 467.016) |
| Ófrádráttarbær kostnaður | 0,1% | ( 1.433) | 0,2% | ( 3.817) |
| Óskattskyldar tekjur af eignarhlutum | ( 2,4% ) | 47.497 | ( 1,7% ) | 39.075 |
| Aðrir liðir | 0,0% | ( 16) | 0,0% | 0 |
| Virkur tekjuskattur | 17,7% | ( 349.651) | 18,5% | ( 431.757) |

## 11. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 122.994 | 76.185 |
| Inneign virðisaukaskatts og aðrar kröfur á hið opinbera | 117.030 | 44.780 |
| Aðrar skammtímakröfur | 39.763 | 35.760 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | 279.787 | 156.725 |

## 12. Skuldir við lánastofnanir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

| | 30.9.2017 | | 31.12.2016 | |
|---|---|---|---|---|
| | Vaxtakjör | Bókfært verð | Vaxtakjör | Bókfært verð |
| Óverðtryggt lán í ISK með breytilegum vöxtum. | 6,8% | 6.500.000 | 6,8% | 6.500.000 |
| Skammtímalán USD | | 0 | 4,3% | 508.905 |
| Skammtímalán ISK | 5,4% | 1.500.000 | | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | | 8.000.000 | | 7.008.905 |

**Afborganir óverðtryggðs langtímaláns greinast þannig á næstu ár:**

| | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| Árið 2021 | 55.250 | 55.250 |
| Til greiðslu síðar | 6.444.750 | 6.444.750 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 6.500.000 | 6.500.000 |

## 13. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði í lok tímabilsins:

| | 30.9.2017 | 31.12.2016 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 0 | 5.289 |
| Birgðir | 6.284 | 6.686 |
| | 6.284 | 11.975 |
| **Skuldir** | | |
| Rekstrarfjármunir | 1.485.934 | 1.479.109 |
| Óefnislegar eignir | 24.482 | 28.940 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 3.846 | 0 |
| Óinnleystur gengismunur gjaldmiðla | 2.690 | 3.265 |
| | 1.516.952 | 1.511.314 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 1.510.668 | 1.499.323 |

## 14. Fyrirframinnheimtar tekjur

Í lok árs 2012 seldi N1 FAST-2 ehf. fasteignina að Klettagörðum 13. Samhliða sölunni leigði félagið eignina til baka til 10 ára með kauprétti að henni eftir 5 ár og aftur í lok leigutíma á framreiknuðu söluverði. Í september 2017 nýtti N1 kaupréttinn og keypti N1 fasteignina að Klettagörðum 13 af FAST-2. Kaupverð eignarinnar er 1.653 m.kr. en frestaður söluhagnaður að fjárhæð 161 m.kr var færður til lækkunar á stofnverði fasteignarinnar.

## 15. Kennitölur

| Helstu kennitölur félagsins: | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| | **1.1.-30.9.** | **1.1.-30.9.** |
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða: vörunotkun* / meðalstaða vörubirgða á tímabilinu............ | 7,67 | 8,40 |
| Söludagar í viðskiptakröfum: | | |
| meðalstaða viðskiptakrafna á tímabilinu / seldar vörur og þjónusta * ................ | 30 | 29 |
| Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði / framlegð af vörusölu............................ | 31,4% | 34,6% |
| Laun og launatengd gjöld / framlegð af vörusölu.................................................. | 39,0% | 36,3% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður / framlegð af vörusölu............................................. | 18,7% | 18,5% |
| Annar rekstrarkostnaður / framlegð af vörusölu................................................... | 14,3% | 13,9% |
| | **30.9.2017** | **31.12.2016** |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall: Veltufjármunir / skammtímaskuldir............................................... | 1,31 | 1,59 |
| Lausafjárhlutfall: (Veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir............................. | 0,89 | 0,97 |
| Skuldsetning: Nettó vaxtaberandi skuldir ** / EBITDA ***...................................... | 1,29 | 1,10 |
| Eiginfjárhlutfall: Eigið fé / heildarfjármagn........................................................... | 46,4% | 49,1% |
| Arðsemi eigin fjár: Afkoma* / meðalstaða eigin fjár á tímabilinu........................... | 17,2% | 39,2% |

* Rekstrarfjárhæðir eru reiknaðar á ársgrundvelli.

** Meðalstaða nettó vaxtaberandi skulda er meðalstaða síðastliðins árs

*** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða